

# KVENRÉTTINDAFÉLAG ÍSLANDS

stofnað 27. janúar 1907.  
Hallveigarstöðum.  
Túngötu 14, 101 Reykjavík • Sími 551 8156  
Netfang: krfi@krfi.is • Vefslóð: www.krfi.is

Alþingi  
Erindi nr. P 131/99  
komudagur 16.11.2004


Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. nóvember 2004.

Í samræmi við beiðni Alþingis, gefur Kvenréttindafélag Íslands (KRFÍ) eftirfarandi umsögn um frumvarp til laga um fórnarlamba- og vitnavernd, 13. mál:

1. KRFÍ fagnar því að fram er komið frumvarp sem stefnir að lögleiðingu ákvæða Palermo-viðaukans um fórnarlamba- og vitnavernd. Verði frumvarpið að lögum er mikilsverðum áfanga náð og er það von félagsins að þess verði ekki langt að bíða að meginreglur Palermo-viðaukans verði lögleiddar í heild sinni.
2. KRFÍ vekur athygli á 6. gr. Palermo-viðaukans, en þar segir m.a. að stjórnvöld skuli vinna í samvinnu við frjáls félagasamtök og aðrar viðeigandi stofnanir og einkaaðila til þess að tryggja fórnarlömbum mansals ráðgjöf og upplýsingar, um réttarstöðu þeirra sérstaklega. Nauðsyn ber til þess að unnið verði að málefnum fórnarlamba mansals í samvinnu við samtök sem vilja veita þeim aðstoð og þekkingu hafa á málefnum. Skal sérstaklega nefna Stígamót í þessu sambandi.
3. Á það skal bent að í viðaukanum er mikil áhersla lögð á skyldu stjórnvalda til að tryggja það að fórnarlömb mansals fái meðferð í samræmi við þær meginreglur sem þar eru lagðar fram.
4. Þá er að mati KRFÍ einnig nauðsynlegt að tryggja öllum þeim sem ætlað er að aðstoða fórnarlömb mansals, s.s. útlendingayfirvöldum, lögmönnum, félagsráðgjöfum og lögreglu, nauðsynlega þjálfun og skilning á aðstæðum fórnarlamba mansals og þeim áhrif sem mansal hefur á þau.

Virðingarfyllst,



Þorbjörg I. Jónsdóttir  
formaður KRFÍ